

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2025, mánudaginn 15. desember var haldinn 342. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:08. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Einar S. Hálfðánarson, Sigrún Guðmundsdóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Einnig sat fundinn Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi. Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum úttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á netöryggi hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs., dags. í dag.

Ingunn Ólafsdóttir og Stefán Viðar Grétarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. IER25030008

2. Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum eftirfylgniúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á meðferð ábendinga, beiðna og kvartana hjá Félagsbústöðum, dags. í dag.

Ingunn Ólafsdóttir og Skúli Magnússon taka sæti á fundinum undir þessum lið. IER25020019

3. Lögð fram orðsending Innri endurskoðunar og ráðgjafar varðandi viðbrögð A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar vegna eftirfylgni endurskoðunarnefndar með ábendingum ytri endurskoðenda.

Kristín Henley Vilhjálmisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. IER25100005

4. Fram fer umræða um starfsskýrslur endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið 2024-2025 og lögð fram lokadrög að starfsskýrslum Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. og Faxaflóahafna sf. fyrir starfsárið 2024-2025, dags. desember 2025. IER25080003 Samþykkt.

5. Fram fer umræða um rekstur og starfsemi Innri endurskoðunar og ráðgjafar. IER25110019

- Kl. 12:08 vikur Ingunn Ólafsdóttir af fundinum.

6. Fram fer umræða um ráðningarferli innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. IER25030010

- Kl. 12:16 vikur Einar S. Hálfðánarson af fundinum.

- Kl. 12:16 tekur Ingunn Ólafsdóttir sæti á fundinum.

Fundi slitið kl. 12:42

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir

Sunna Jóhannsdóttir